

Fundur nr. 342

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2015, þriðjudaginn 20. janúar, var haldinn 342. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni og hófst kl. 09:05. Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Björg Fenger Garðabæ, Pétur Óskarsson Hafnarfirði, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Kolbrún G Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar dags. 2. janúar sl. þar sem tilkynnt er að Magnús Örn Guðmundsson taki sæti í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
2. Formaður og framkvæmdastjóri sögðu frá stöðu mála vegna snjógerðar.
3. Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með fulltrúum skíðadeilda Reykjavíkurfélaganna og stefnt er á annan fund fljótlega.
4. Rætt um opnun skíðasvæða í vetrarfríi grunnskóla. Ákveðið að hafa lengri opnun þessa daga.
5. Ungmennaráð Mosfellsbæjar með fyrirspurn um opnun Skálafells. Skálafell opnar 31. janúar. Helgina 24. og 25. janúar verður þó „prufu“ opnun kl. 09:55 vék sviðsstjóri af fundi.
6. Anný með fyrirspurn um kostnað við skíðaleigu. Endurnýjun á sér stað á hverju ári fyrir um 2.0 mkr.
6. Framkvæmdastjóra falið að kanna kostnað við gáma undir skíðaleiguna í Bláfjöllum.
7. World Snowday í Bláfjöllum var um seinustu helgi og gekk ljómandi vel.

Fundi slitið kl. 10:15

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger Kolbrún G. Þorsteinsdóttir
Pétur Óskarsson Magnús Örn Guðmundsson
Anný B. Thorstensen